

Fundargerð

Hópur: Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla.

Starfsmaður: Ásgeir Björgvinsson Menntasviði sem ritaði fundargerð.

Fundardagur: 8. júní 2011

Tími: 8:30-10:30

Fundarstaður: Skrauthólar, Höfðatorg

Viðstaddir:

Frá Korpuskóla

Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri

Laufey Einarsdóttir fulltrúi starfsmanna

Björg Ársælsdóttir fulltrúi starfsmanna

Olga B. Gísladóttir fulltrúi foreldra

Inga Dóra Hrólfsdóttir fulltrúi foreldra

Frá Víkurskóla

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri

Þórunn Borg Ólafsdóttir fulltrúi starfsmanna

Rósa Hjartardóttir fulltrúi foreldra

Ingibjörg Stefánsdóttir fulltrúi foreldra

Frá Þjónustumiðstöð Grafarvogs – Miðgarði

Helgi Viborg deildarstjóri sérfræðisviðs

Frá Frístundamiðstöðinni Gufunesbær

Þóra Melsted deildarstjóri Barnasviðs

Frá Menntasviði

Auður Árný Stefánsdóttir formaður stýrihóps

Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi

Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi

Á fundinn vantaði annan fulltrúa starfsmanna í Víkurskóla.

Verkefni og markmið fundar:

- Kynning á verkefni stýrihóps, dreifing á erindisbréfi og verklagsreglu um sameiningar grunnskóla.
- Almennar umræður um verkefni hópsins.
- Ákvarðanir um fundartíma og fundarstaði.
- Umræða um efni næsta fundar.

Þetta gerðist:

1. Kynning á verkefni. Auður Árný formaður hópsins kynnti verkefni stýrihópsins. Erindisbréfi hópsins var dreift og las formaðurinn það upp. Einnig fór hún yfir verklagsreglu um sameiningu skóla og sagði að Menntasvið geri ráð fyrir því að fulltrúar hvers skóla í hópnum fundi með sínu baklandi á milli funda stýrihópsins og haldi fundargerðir. Ítrekað var að hægt væri að leita til starfsmanna Menntasviðs ef hópar þyrftu upplýsingar eða annars konar aðstoð.
2. Almennar umræður. Eftirfarandi kom fram í almennum umræðum um verkefni stýrihópsins:

- Vilji kom fram um að stýrihópurinn gæti fengið ráðgjöf umfram það sem kemur fram í erindisbréfi.
- Áhersla var lögð á að stefna yrði mörkuð vegna vinnu stýrihópsins og að greiningarvinna færi fram á undan skipulagsvinnunni. Í umræðum var minnst á sameinaða skóla í nágrannasveitarfélögum, s.s. Álfhólsskóla í Kópavogi og sameiningu Víðistaðaskóla og Engidalsskóla í Hafnarfirði, og kom fram áhugi á að læra af þeirra reynslu.
- Lýst var yfir áhyggjum af því að nýr skólastjóri, sem skv. erindisbréfi tekur við um áramót, hafi að engu ráðleggingar stýrihópsins. Rætt var um hversu mikið umboð hópurinn hefði.
- Vilji kom fram um að starfsmenn, foreldrar og nemendur beggja skóla komi sem fyrst að vinnu stýrihópsins, séu vel upplýstir og að gagnsæi verði haft að leiðarljósi í vinnu hópsins. Mikilvægt væri að auka ekki frekar á þá óvissu og það óöryggi sem væri fyrir hjá mörgum vegna sameiningarinnar. Þannig væri æskilegt að starfsfólk og foreldrar fái reglulega upplýsingapóst um vinnu stýrihópsins.
- Vilji kom fram um að skólarnir kynni starf sitt fyrir fulltrúum stýrihópsins. Fram kom mikilvægi þess að greint væri hvað það er sem skólasamfélögin vilja halda í við sameininguna og hvaða tækifæri eru til að efla skólastarfið. Í þessu samhengi var bent á að samvinna skólanna sé töluverð nú þegar.
- Umræður fóru fram vegna nafns á nýjum sameinuðum skóla. Formaðurinn upplýsti að stýrihópurinn geti komið með tillögu að nafni en ekki hefði verið tekin ákvörðun um hvernig staðið verður að nafnagift sameinaðs skóla
- Bent var á þá möguleika sem nýr sameinaður skóli gæti haft í för með sér, t.d. varðandi útikennslu.

Eftirtaldar ákvarðanir voru teknar:

- Næsti fundur fer fram föstudaginn 19. ágúst 2011 kl. 8:30 í Víkurskóla. Eftir það verður fundað á u.þ.b. þriggja vikna fresti. Þriðji fundur fer fram föstudaginn 9. september kl. 8:30 í Korpuskóla og fjórði fundur föstudaginn 28. september kl. 8:30 í Víkurskóla.
- Á fundinum 19. ágúst munu aðilar frá skólunum tveimur halda kynningar um sérkenni skólanna og sameiginlegar áherslur.
- Fulltrúar Menntasviðs munu hafa samband við aðila frá Álfhólsskóla í Kópavogi og óska eftir kynningu um hvernig staðið var að sameiningu Digranesskóla og Hjallaskóla.
- Fulltrúar Menntasviðs munu senda reglulega upplýsingabréf vegna funda stýrihópsins til foreldra í gegnum Mentor, stefnt verður að því gera það eftir hvern fund.
- Fundargerðir verða sendar stýrihópnum.

Fundi slitið kl. 10:30